


STEINUNN JÓHANNESDÓTTIR

SVODDAN LJÓS MÆTTI FLEIRUM LÝSA

PASSÍUSÁLMARNIR TIL VALINNA KVENNA



HALLGRÍMSKIRKJA

Sérprentun úr:
Hallgrímur Pétursson
Safn ritgerða í tilefni 400 ára afmælis hans

Flateyjarútgáfan 2015
© Steinunn Jóhannesdóttir

Mynd á forsíðu:
Eiginhandarrit Passíusálma Hallgríms Péturssonar (JS 337 4to) sem varðveitt er í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni var samþykkt á landskrá Íslands um Minni heimsins 8. mars 2016. Hallgrímur skrifaði handritið árið 1659 og sendi það til Ragnheiðar Brynjólfsdóttur árið 1661, en sálmarnir komu fyrst út á prenti 1666.

Mynd á baksíðu: Sigurður Árni Þórðarson

Prentun: Leturprent

Steinunn Jóhannesdóttir

Svoddan ljós mætti fleirum lýsa Passíusálmarnir til valinna kvenna

„Þú sendir nokkrum vinkonum þínum afrit af Passíusálmunum . . . Þú varst enn ekki farinn að gefa mér neitt.“¹³⁰

Vorið 1660 fengu þrjár konur Passíusálmana að gjöf frá höfundri þeirra, ritaða eigin hendi með tileinkun til þeirra. Konurnar hétu Ragnhildur Árnadóttir, Kristín Jónsdóttir og Helga Árnadóttir.

Fyrir árslok 1659 hafði Hallgrímur lokið við að semja sálmaflokkinn og sent hann til umsagnar nágrannapresti og skáldbróður, séra Jóni Jónssyni á Melum. Hann fékk til baka skriflegt álit Jóns, dagsett öskudaginn 7. mars: „Skrifað á Melum við Borgarfjörð anno 1660, þann dag sem þeir gömlu elskendur Pínu historíu Jesú Christi dreifðu sér ösku yfir höfuð til iðrunar merkis.“ Álit Jóns er alllangur lestur, að miklu leyti lærðar guðfræðilegar útleggingar og líkingamál en um leið hvatning til þess að hugleiða píslarsöguna til endurnæringar sálinni. Hann ber lof á þann guðhrædda kennimann sr. Hallgrím Pétursson, „hvör nú kemur fram með þessa hjartans innilegu sálma“. Og hann segir: „Og væri óskandi að þessir hjartnæmu sálmar af svo dýrðlegu efni innilega samanteknir lægi ekki í einu eður tveimur húsum, heldur að svoddan ljós mætti fleirum lýsa og til góðrar uppvakningar verða.“¹³¹

¹³⁰ Steinunn Jóhannesdóttir. *Heimur Guðríðar*. Síðasta heimsókn Guðríðar Símonardóttur í kirkju Hallgríms. Leikrit. Reykjavík 1995.

¹³¹ Jón Jónsson. Formáli að *Psalterium Passionale*. Hólum í Hjaltadal 1780.

Svoddan ljós mætti fleirum lýsa

Pessi hvatningarorð frá séra Jóni hafa nægt Hallgrími til þess að hefjast handa við að koma verki sínu á framfæri í fleiri en „einu eður tveimur húsum.“ Hann vissi að hann hafði gert vel. Hann stóð á hátindi lífsins, á fertugasta og sjötta aldursári, reiðubúinn að hefja kynningu á verkinu og afla því meðmælenda, væntanlega með prentaða útgáfu fyrir augum. Konan hans sauð blek og hann settist við að gera afrit. Fyrstu sendingu fylgdi þetta ávarp: „Ærusamri, guðhræddri og velskikkaðri sæmdar stúlkur Ragnhildi Árnadóttur að Kallaðarnesi í Flóa, sendir þetta kver til lítillar þakklætis minningar og góðrar kynningar merkis í Xti kærleika Hallgrímur Pétursson p. MDCLX“. Í niðurlagi ávarpsins stendur: „Skrifað í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd í Martio mánuði Anno 1660 Hallgrímur Pétursson pr. Eh [Eigin hendi]. Was trauestu doch / Gott lebet noch. / Pað er / Hvað hryggistu / Guð lifir enn nú.“

Ragnhildur Árnadóttir

Hver var þessi kona, Ragnhildur Árnadóttir, sem fyrst kvenna fékk hina „hjartans innilegu sálma“ að gjöf?¹³²

Hvorki er vitað um fæðingarár hennar né dánarár og líf hennar er að mestu hulið móðu aldanna eins og gildir um flest samtímafólk hennar, einkum konurnar, þó er vitað að Ragnhildur var fædd og uppalin á Ytra-Hólmi við Akranes, dóttir Árna Gíslasonar lögréttumanns og Steinunnar Hannesdóttur konu hans, ein ellefu barna þeirra er upp komust. Amma Ragnhildar, móðir Árna, var mágkona Guðbrands Hólabiskups, afi hennar og langafi höfðu báðir verið lögmenn og búið á Innra-Hólmi.

Steinunn, móðir Ragnhildar, var uppvaxin í Snóksdal, faðir hennar var bróðursonur Eggerts Hannessonar hirðstjóra en móðir hennar, Guðrún, var dóttir Steinunnar Jónsdóttur, sem lengst var fylgikona og barnamóðir séra Björns Jónssonar Arasonar biskups. Foreldrar Ragnhildar á Ytra-Hólmi voru því bæði af voldugustu ættum landsins og bjuggu við mikla rausn.

¹³² Magnús Jónsson. *Hallgrímur Pétursson II*, bls. 175-176.

Persónuleg kynni

Af ávarpi Hallgríms má ráða að hann hafi kynnst Ragnhildi persónulega, væntanlega í foreldrahúsum, og víst er að hann dvaldi um hríð á Ytra-Hólmi eftir að hann kom til Íslands frá Danmörku vorið 1637, ásamt heitkonu sinni Guðríði Símonardóttur.

Hvort sem fjarlæg ættartengsl eða næmi Árna á hæfileika unga mannsins og almenn greiðvikni hafa ráðið för, þá gerðist hann einn áhrifamesti velgjörðarmaður Hallgríms eftir heimkomuna. Hallgrímur og Guðríður komu hvort úr sinni löngu útlegð, hún sem fórnarlamb Tyrkjaránsins 1627, hann hafði hrökklast úr Hólaskóla um fermingaraldur, komist til Glückstadt og Kaupmannahafnar, sest í latínuskóla Vorfrúarkirkju og var þar á lokaári þegar ástir tókust með honum og Guðríði. Ævintýrið kostaði hann skólavistina og hann fylgdi konunni heim, þá 23ja ára að aldri, hún var 39 ára. Skömmu eftir heimkomuna fæddi hún son sem opinberaði að þau voru brotleg eftir Stóradómi, yfir þeim var réttað á Suðurnesjum og þau dæmd í sekt fyrir frillulífi.¹³³ Ýmsir lögðu stein í götu þeirra, aðrir réttu þeim hjálparhönd, Árni og Steinunn á Ytra-Hólmi þar á meðal. Árni er talinn hafa stuðlað að því að Hallgrímur hlyti vígslu til Hvalnsnessprestakalls 1644 og þegar presturinn í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd drukknaði vorið 1650 gerðist Árni hvatamaður þess að Hallgrímur yrði ráðinn eftirmaður hans. Hann tók síðan formlega við brauðinu vorið 1651.¹³⁴

Árni á Ytra-Hólmi lést í október 1654 og þá orti Hallgrímur langt og innilegt erfiljóð um hann og segir m.a.¹³⁵

*Aðstoð varst oft mér þjáðum
i útlátum, gjöfum, ráðum
sem víst var venja þín.*

Velskikkuð sæmdar stúlka

Fimm og hálfu ári eftir andlát Árna sendir Hallgrímur Ragnhildi dóttur hans, „ærusamri, guðhræddri og velskikkaðri sæmdar stúlku“ Passíusálmana „til

¹³³ Sakeyrisreikningar. Lénsreikningar Gullbringusýslu 1637-1638.

¹³⁴ Magnús Jónsson. *Hallgrímur Pétursson I*, bls. 53-54 og fleiri heimildir.

¹³⁵ Hallgrímur Pétursson. *Ljóðmæli 2*, bls. 19.

lítillar þakklætis minningar og góðrar kynningar merkis í Kristí kærleika“. Þá er Ragnhildur flutt frá Ytra-Hólmi að Kaldaðarnesi þar sem systir hennar, Ragnheiður eldri, var prestmaddama, kona séra Álfss Jónssonar sem vígðist þangað 1636.¹³⁶ Engar heimildir eru um hvers vegna Ragnhildur flutti til systur sinnar í Flóanum en vera má að hún hafi leitað til eldri systur eftir að móðir þeirra, Steinunn Hannesdóttir, lést 1658.¹³⁷ Í stórum systkinahópi getur aldursmunur verið umtalsverður og elstu systkini orðið ígildi foreldra hinna yngstu auk þess sem Ragnheiður eldri kann að hafa sóst eftir starfskröftum yngri systur sinnar.

Kaldaðarnes var í eigu Skálholtsstóls frá fornu fari, í kirkjunni voru frægir róðukrossar sem drógu að sér pílagríma bæði á katólskum tíma og lítherskum og undir jörðina heyrði fjölfarinn ferjustaður yfir Ölfusá. Það var því mikil gestanauð í Kaldaðarnesi og vinnufólk og húsráðendur höfðu í nógu að snúast árið um kring. Trúlegt er að Ragnhildur hafi kynnst manni sínum þarna á bökkum fljótsins, séra Jóni Diðrikssyni presti í Vogsósum í Selvogi, þangað sem hún flutti síðar.¹³⁸

Ragnhildur Árnadóttir var áreiðanlega ýmsum kostum búin, hafi hún líkst foreldrum sínum. Ljóst er að Hallgrími líkaði vel við hana og treysti henni bæði til þess að tileinka sér innnhald sálmannar og koma þeim á framfæri við aðra. Kannski hafði hún sýnt honum í verki að hún kunni að meta skáldskap. Kannski hafði hún þakkað honum öðrum betur erfijóðið eftir Árna föður hennar. Kannski flutti hún texta vel eða hafði góða söngrödd, því rétt er að minnast þess að sálmarnir eru allir ortir við sérstaka lagboða.

Hallgrímur hefur haft góðar ástæður til þess að treysta Ragnhildi Árnadóttur fyrstri kvenna fyrir Passíusálmunum. Hann hefur líklega einnig vonast til að húsbændur í Kaldaðarnesi, systir hennar og mógr, kynnu að meta sálmana. Þar við bættist að Kaldaðarnes var í þjóðbraut milli þéttbýlustu sveita landsins, þar komu margir við, spurðu fréttu og sögðu fréttir. Kaldaðarnes var kjörinn staður fyrir forkynningu á einstaklega áhrifamiklu, nýju skáldverki.

¹³⁶ Sveinn Níelsson. *Presta tal og prófasta á Íslandi*, bls. 52.

¹³⁷ Annálar Íslands II, bls. 125 og víðar.

¹³⁸ Sveinn Níelsson. *Presta tal og prófasta á Íslandi*, bls. 65.

Helga og Kristín

Pegar Hallgrímur hafði sent frá sér fyrsta eintakið tók hann til við að afrita næstu tvö. Og hann ávarpar konurnar báðar í einu, þrátt fyrir að hann sendi þeim sitt handritið hvorri:

Ærusamri, guðhræddri og dygðum prýddri heiðurskvinnu *Helgu Árnadóttur*, þess heiðarlega og vellærða kennimanns síra Þórðar Jónssonar, sóknarprests í Hítardal, elskulegri ektakvinnu, ásamt og ærlegri, guðhræddri og dygðasamri heiðurskvinnu *Kristínu Jónsdóttur*, þess ærusama og velvísa manns Sigurðar Jónssonar, sýlumanns í Pverárþingi fyrir vestan og sunnan Hvítá, elskulegri ekta hústrú, óska ég náðar, friðar og farsældar, stundlegrar og eilifrar, fyrir þann krossfesta Jesúm, vorn og alls heimsins frelsara.

Sá heilagi guðsmaður Móyses greinir ljóslega á hverjum tíma allra fyrst hafi talað og prédikað verið um þínu og dauða vors herra Jesú Kristí ...¹³⁹

Hér hefst langur guðfræðilegur inngangur að sálmunum sem sýnir hversu vel Hallgrímur var heima í túlkunarfræðum síns tíma en hann verður að mestu láttinn liggja milli hluta í þessari grein. Áhugasönum er þó bent á að textann má finna í heildarútgáfu Gríms Thomsens á kvæðum Hallgríms.

Hallgrímur líkir píslarsögunni við lystilegan aldingarð sálнanna:

Þar má og finna hin allra lystilegustu lærðómsblómstur og kröftugustu áminningarblómstur og hinar allra sætustu og heilnæmustu huggunarjurtir sem langtum betur græða meinsemdir allar á sálunni en nokkur læknisgrös kunna að græða líkamans kvilla.

Svo segir hann: „Við þennan aldingarðinn míns herra Jesú Kristí þínu og dauða historíu hefi ég um stundir niður sest með sálu mína og hefi marga heilnæma jurt útlesið.“ Hann segist hafa bundið efnið í „sálmabindini“ sem leiðir hugann að lokabænni í 17. Passíusálmi: „Í bindini barna þinna / blessun láttu mig finna.“

Þá kemur að föstum lið skálda samtíma hans að biðjast afsökunar á sjálfum sér og verkinu:

¹³⁹ Grímur Thomsen. *Hallgrímur Pétursson I*, bls. 363-379.

Ég má meðkenna og meðkenni viljuglega fáfræði mitt í lærðómnum og menntaleysi í skáldskapnum; þar með (þá hefi) ég þessa mína iðkun svo sem á hlaupi henda hlotið. Hversdagleg húsiðja vill ekki undanfellast láta hjá þeim fátæku. Góðan vilja mun Guð og frómir menn virða, enn van-kunnindin vorkynna.

Ekki undir bekk varpað

Loks snýr hann sér að erindinu sem er að biðja þessar tvær sómakanur að taka Passíusálmana undir sinn verndarvæng:

Enn með því ég þurfti þess hælis og samastaðar að leita þessu mínu litla verki, **hvar því yrði ekki undir bekk varpað og glatað eður týnt** [leturbr. höf.], og ef nokkrir illviljaðir lasta vildu, væri nokkurs forsvars von, þá hefi ég helst til ykkar séð, ærusamar heiðurskvinnur, einkum vegna þess, að sá rómur hefir mér af mörgum frónum og vel trúanlegum mönnum, svo meiri sem minni háttar, að eyrum borist, að þið báðar, og hvor fyrir sig, sanna guðrækni iðkið og orð drottins elskið og góðra verka ávoxt færíð og fyrir þann skuld tilskrifa og dedicera ég ykkur báðum þetta mitt litla erfiði í þeirri fullu von, að þið erlegar dándiskvinnur, munið þetta í góðri meiningu gjört, vel virða.

Hér vísar Hallgrímur ekki til persónulegra kynna sinna af konunum eins og í tilviki Ragnhildar Árnadóttur. Hann vísar til vitnisburðar margra manna sem hann treystir, hárra sem lágra, um ágæti þeirra. Og hann leggur út af merkingu nafna þeirra til þess að undirstrika að þær séu í raun til þess kjörnar að taka að sér „forsvar“ sálmannna:

Þið berið báðar ágætleg skírnarnöfn, þar önnur hefir sitt nafn af helgun. Sjáið, ærusöm heiðurskvinnu, í þessum sálmum er sungið og sagt um það rétta efninum vorrar helgunar, því Jesú blóð hreinsar oss af allri synd. Sá er réttilega helgaður og heilagur, sem á Jesúm trúir og á hans sínu og dauða verðskuldan sig reiðir, því kallar sankti Páll sína tilheyrendur heilaga í Kristó Jesú, hverjum öllum helgunina ber að ástunda. Önnur hefur eitt skírnarnafn öðlast af Kristó, því Christina þýðir kristin sála, kristin kvinnu. Það er hið besta heiðurs og virðingar nafn.

Hann leggur enn um hríð út af nöfnum sem hafa Krists-nafnið fólgjð í sér, sem leggi þeim sem slík nöfn bera sérstakar skyldur á herðar, uns hann vindur sér í lokaávarpið og biður þær að þiggja sálmana að gjöf:

Ærlega heiðurskvinnna, í þessum sálmum syng ég um Kristum og það efni sem yður og alla trúða réttkristna gjörir bæði fyrir guði og mönnum. Af einum í Jesú Kristí blóðs verðskuldan alleinasta helguðum og kristnum huga, sendi ég yður, hvorri fyrir sig, ærlegu, guðhræddu og dygðaríku heiðurskvinnur, þessa **lítilmótlegu pappírsgáfu** [leturbr. höf.], óskandi og treystandi að þið með sama geði það af minni hendi meðtakið, meir metandi efnisins verðugleika en gáfunnar ytri auðvirðileika. Minn herra Jesú gefi ykkur þau farsælustu blessunar og náðarnot af sinni heilögu sínu og dauða og allri sinni dýrmætri forþénustu, hvers hins sama ég af hjarta óskandi er sérhverrar ykkar heiðarlegum, ærusönum og elskulegum ektamönnum, samt ykkar elskulegum börnum.

Skrifað í Saurbæ við Hvalfjörð Anno 1660, þann 5. dag Maíi Y.E.Y.E, ætíð góðs óskandi og unnandi Hallgrímur Pétursson, óverðugur Jesú Kristí safnaðar þénari á Hvalfjarðarströnd.

Vensl og vinátta

Af lengd og mælsku inngangsins má ráða að Hallgrímur hefur lagt mikla vinnu og hugsun í það fyrirtæki að leggja Passíusálmana í hendur þessara kvenna. Hann nefnir nöfn eiginmanna þeirra beggja, sem báðir voru mikilsvirtir embættismenn, annar „vellærður“, hinn „velvís“ og ef til vill var guðfræðin í innganginum einkum ætluð þeim. En skýringin á því að hann sendi báðum konunum samhljóða bréf og talar að verulegu leyti til beggja í einu hlýtur að vera sú að hann hefur talið það verki sínu til framdráttar að fá tvær mektarkonur til að mæla með því samtímis á sama landsvæði. Konurnar voru mágkonur og frænkur og hann hefur ekki viljað gera upp á milli þeirra. Hann hefur vonast til að þær legðu saman krafta sína, enda mikill samgangur milli heimila þeirra eins og sést þegar rýnt er nánar í heimildirnar.

Helga Árnadóttir var kona séra Þórðar í Hítardal, sem fram er komið, en Þórður var bróðir Kristínar. Séra Þórður og Kristín og Ragnhildur Árnadóttir frá Ytra-Hólmi voru á hinn bóginn systkinabörn, móðir hinna fyrrnefndu,

Guðríður Gísladóttir, og Árni á Ytra-Hólmi voru systkin. Þar að auki voru Ragnhildur Árnadóttir og Sigurður Jónsson, maður Kristínar, systrabörn. Mæður þeirra, Ragnheiður Hannesdóttir og Steinunn á Ytra-Hólmi, voru systur. Það er því þéttur hópur skyldmenna, hjóna og tengdafolks sem Hallgrímur ákveður að fá í lið með sér við markaðssetninguna vorið 1660. Og þótt ekkert handritið fari að Ytra-Hólmi tengjast allir þiggjendur sálmannna hjónunum sem skáldið kynntist þar að góðu einu sem ungur maður.

En hyggjum ögn nánar að konunum.

Helga Árnadóttir

Helga Árnadóttir (1626-1693), húsfrú í Hítardal, var 34 ára að aldri þegar hún fékk Passíusálmahandritið frá Hallgrími. Þá hafði hún búið á hinu forna höfuðbóli frá 16 ára aldri sem ektakvinna séra Þórðar. Þau giftust árið 1642 en séra Þórður hafði þá setið staðinn um árabil, fyrst sem aðstoðarprestur föður síns séra Jóns Guðmundssonar, en arftaki brauðsins eftir hans dag. Séra Jón andaðist 7. febrúar 1634.¹⁴⁰

Séra Jón var með lærðustu Íslendingum á sinni tíð. „Hann var þrijú ár í Bremen skóla og fimm ár í Danmörk . . . Hann var einn í biskupskjörum með herra Oddi Einarssyni 1588, en anno 1590 tók hann við Hítardal.“¹⁴¹ Oddur Einarsson biskup í Skálholti 1588-1631 var af Helgu Árnadóttur. Faðir hennar, Árni Oddsson, var kosinn lögmaður sunnan og austan á Íslandi á Alþingi 1631. Þá hefur Helga litla verið fimm ára. Móðir Helgu, Þórdís Jónsdóttir, var frá Sjávarborg í Skagafirði, af hinni fyrirferðarmiklu Svalbarðsætt. Þórdís var seinni kona Árna og sennilega hafa þau búið nokkur ár á Norðurlandi þar sem Árni átti Holtastaði í Langadal og hélt Reynistaðarklaustur í Skagafirði um hríð. En eftir lögmannskjörið keyptu þau Leirá í Borgarfirði og þar settist fjölskyldan að.

Þótt Helga hafi aðeins verið sextán ára unglungur þegar foreldrar hennar gáfu hana meira en helmingi eldri manni (þau voru skyld í þriðja og fjórða lið) er ljóst að hún óx inn í hlutverk sitt sem prestsmaddama og gegndi því svo vel að sérstakt orð fór af. Svo segir í Fitjaannál:¹⁴²

¹⁴⁰ *Ættartölusafnrit séra Þórðar Jónssonar í Hitardal I*, bls. 27.

¹⁴¹ Sama heimild, bls. 26.

¹⁴² *Annálar 1400-1800 II*, bls. 224-225.

Þau hjón, séra Þórður og Helga, voru hinir mestu höfðingsmenn, ör af fé, gjöful og gestrisin. Þar var stórveisla haldin einu sinni á hverjum vetri um jólatíma. Í þá veislu voru boðnir allir helstu menn, sem í nálægð voru. Stóð hún yfir heila viku. Hélst þeirra göfugu hjóna rausn og sómi allt til dauðadags.

Nafnfræg höfðingskvinna

Höfundur Fitjaannáls, Oddur Eiríksson, og Helga voru bræðrabörn og ummælin litast ef til vill af þeirri staðreynd, en um leið má gera ráð fyrir því að bóndinn á Fitjum hafi þekkt frænku sína allvel. Og hann sparar ekki hólið þegar hann skrifar eftir hana látna:¹⁴³

Á þessu ári [1693] 11. Augosti sálaðist sú göfuga og nafnfræga höfðingskvinna Helga í Hjörsey Árnadóttir lögmanns Oddsonar og Þórdísar Jónsdóttur, 67 ára, kvenna þess göfuga kennimanns séra Þórðar Jónssonar í Hítardal, hver fátækum sína örlatishönd rétti og gustukaverk og ölmusugerðir framar mörgum hér í landi framdi, svo hennar nafn mun uppi, meðan landið byggist, og gott og guðrækilegt mannorð. Börn þeirra séra Þórðar og Helgu er sá göfugi höfðingsmann Þorsteinn Þórðarson á Skarði á Skarðsströnd og sú göfuga höfðingsfrú Guðríður Þórðardóttir kvenna biskupsins M. Jóns Vigfússonar.

Örlætiskona við fátæka

Séra Jón Halldórsson, höfundur Biskupasagna, Skólameistarasaragna og Prestaæva og prófasta, vígðist prestur að Hítardal sumarið 1692, ári áður en Helga andaðist, og hefur að líkendum haft af henni persónuleg kynni. Hann segir svo frá henni:¹⁴⁴

Hún var mesta örlætiskona við fátæka og neytti þess að guð gaf henni ríkan mann og forstandugasta í flestum efnum á þeim dögum. Hún var ekkja meir en 20 ár og bjó í Hjörsey, andaðist þar anno 1693 eptir alþing, þann 11. Augosti, 67 ára gömul.

¹⁴³ Annálar 1400-1800 II, bls. 301.

¹⁴⁴ Jón Halldórsson. Skólameistarösögur, bls. 110.

Þeir sem hafa áhuga á að kynna sér nánar hinn „ríka og forstanduga“ mann Helgu Árnadóttur geta sökkt sér ofan í merkilegt rit sem kom út í tveim bindum hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum 2008. *Ættartölusafnrit séra Þórðar Jónssonar í Hítardal. I og II.* Guðrún Ása Grímsdóttir annaðist útgáfuna.

Amma Snæfriðar

Einungis tvö börn séra Þórðar og Helgu náðu fullorðinsaldri, giftust og eignuðust afkomendur; Þorsteinn og Guðríður, sem fyrr voru nefnd. Guðríður var móðir Þórdísar Jónsdóttur sem sögð var kvenna vænst á Íslandi á sinni tíð. Þórdís giftist Magnúsi Sigurðssyni í Bræðratungu og átti með honum nokkur börn. Hún komst í vinfengi við Árna Magnússon handritasafnara, sem varð til þess að maður hennar sakaldi hana um hjúskaparbrot og stóð í málaverlum við Árna lengi. Þórdís er fyrirmund Snæfriðar Íslandssólar, glæsilegustu kvenpersónu íslenskra bókmennta síðari tíma. Fyrir nútíma Íslendinga styttir það leiðina aftur til Helgu Árnadóttur að hugsa til hennar sem ömmu Snæfriðar.

Kristín Jónsdóttir

Kristín Jónsdóttir (1611-1683) húsfrú í Einarssnesi í Borgarhreppi (hinum forna) var 49 ára þegar hún fékk Passíusálmana senda í maímánuði 1660. Maður hennar, Sigurður Jónsson, var þá sýslumaður í Pverárþingi eins og fram kom í ávarpi Hallgríms og aftur skal minnt á að hjónin í Einarssnesi voru bæði tvímenningar við Ragnhildi Árnadóttur frá Ytra-Hólmi.

Í *Ættartölusafnriti séra Þórðar* segir svo:¹⁴⁵

Kristín giftist anno 1645 Sigurði syni Jóns Sigurðssonar og Ragnheiðar Hannesdóttur. Sigurður var skólagenginn maður, en gaf sig þar frá og hafði Stapasýslu, síðan Borgarfjarðarsýslu, síðan varð hann lögmaður. Þeirra börn: Jón, Ragnheiður, Jón, Guðmundur, en Guðríður andaðist barn.

¹⁴⁵ *Ættartölusafnrit séra Þórðar í Hítardal I*, bls. 28.

Síðar í sama riti segir um Sigurð Jónsson:¹⁴⁶

Hann giftist í Hítardal anno 1645 Kristínu dóttur séra Jóns Guðmundssonar og Guðríðar Gísladóttur. Honum voru talin tvenn 90 hundruð en henni eitt hundrað hundraða. Hann fékk síðar Mýrasýslu og bjó á föðurleifð sinni Einarssnesi. Þeirra börn: Jónar tveir, Guðmundur, Ragnheiður.

Vensl og veisluhöld

Ef misítarlegar klausur ættartöluritsins eru lagðar saman má sjá fyrir sér ákveðna atburðarás. Séra Þórður tók við Hítardal að föður sínum látnum en sat staðinn fyrstu átta árin ókvæntur. Faðir hans hafði verið ekkjumaður síðustu fjórtán ár ævinnar og því hefur lengi verið maddömulaust á prestssetrinu. Guðríður Gísladóttir lést úr holdsveiki rúmlega fertug að aldri árið 1620.¹⁴⁷ Þá var Kristín einungis 9 ára gömul. Eldri systurnar, Þórunn og Helga, hafa að líkindum gengið inn í húsmóðurhlutverkið uns þær giftust burt 1632 og 1634, árið sem faðir þeirra lést. Eftir það má ætla að Kristín hafi tekið við hlutverkinu, þá 23ja ára, og staðið við hlið bróður síns þar til hann giftist Helgu 1642.

Kristín var því orðin þrjátíu og eins árs þegar 16 ára unglingsstúlka fékk stöðu til að ýta henni úr hússtjórnarsessinum. Það hefur svo fallið henni í skaut að setja Helgu inn í hlutverkið og fræða hana um venjur og siði fjölskyldunnar í Hítardal. Þær mágkonur og frænkur hafa orðið að láta sér sambúðina vel líka næstu þrjú árin þar til Kristín giftist Sigurði sýslumannni 1645 og flutti með honum frá Hítardal á ættaróðal hans í Einarssnesi. Þá var hún orðin 34 ára. Í Einarssnesi bjó fyrir Helga systir hennar, eiginkona Jóns föður Sigurðar (seinni kona). Kristín varð því stjúp-tengdadóttir eldri systur sinnar! Pannig eru ættar- og venslaböndin fast reyrð milli fólksins í Hítardal og Einarssnesi og á báðum bæjum var gestkvæmt og haldnar höfðinglegar veislur á vetrum. Í fögrum eftirmælum um Sigurð Jónsson lögmann sem andaðist úr sótt 4. mars 1677, segir í Fitjaannál:

¹⁴⁶ Sama heimild, bls. 191.

¹⁴⁷ Sama heimild, bls. 27.

¹⁴⁸ Annálar 1400-1800 II (Fitjaannál), bls. 243-244.

Hann var spekingur að viti, því sóttu hann menn að málum um allt landið, eigi síður norðan og vestan en sunnan. Veislu hélt hann á hverjum vetrí; var til hennar boðið helstu mönnum þar nálægt, og hélt rausn og sóma allt til dauða. Hans bein hvíla frammi fyrir altari Borgarkirkju.

Gestkvæm fræðasetur

Af lýsingum sem þessum er næsta víst að konurnar sem stýrðu heimilunum í Hítardal og Einarsnesi hafa ekki setið auðum höndum. Þar var nóg að starfa. Hítardalur var lengi miðstöð fræða og mennta á Vesturlandi. Bókiðja séra Þórðar, handritasöfnun hans og ættfræðistörf útheimtu góð efni og aðstæður fyrir skrifara og aðra samverkamenn. Af Ættartölusafnriti hans kemur glögglega fram að einnig á þeim sviðum hefur verið náið samstarf við fólk ið í Einarsnesi.

Hallgrímur Pétursson sendi því handritin sín að Passíusálmunum þangað sem hann vissi að mestir voru möguleikarnir á að koma þeim í umferð, flytja þá fyrir heimafólk og gesti, en ekki síður að gera afrit af þeim og gefa þá áfram góðvinum og venslafólki þiggjendanna. Hann treysti Helgu og Kristínu til að sjá um að þeim yrði „ekki undir bekk varpað“ eða stungið undir stól.

Það líður heilt ár þar til Hallgrímur sendir enn eitt handrit frá sér, ritað eigin hendi. Og hann hefur skeytt við tveim nýjum sálmum, Um dauðans óvissan tíma og Allt heimsins glysið, fordild fríð.¹⁴⁹

Ragnheiður Brynjólfssdóttir

Ragnheiður Brynjólfssdóttir (1641-1663) fékk Pássíusálmana að gjöf í maí 1661, nítján ára að aldri. Um hana hefur miklu meira verið ritað en um konurnar þrjár sem að framan segir frá. Þar ræður mestu staða hennar sem biskupsdóttur í Skálholti og þau harmrænu örlög sem hennar biðu.

Það er fátítt að sagt sé frá fæðingu barna í Annálum Íslands en á spássíu Skarðsáránnáls lét Brynjólfur Sveinsson biskup skrásetja frásögn af fæðingu frumburðar síns Anno 1641:¹⁵⁰

¹⁴⁹ Hallgrímur Pétursson. *Ljóðmæli I*, bls. 1-14.

¹⁵⁰ *Annálar 1400-1800* (Viðauki Skarðsáránnáls 1641-1645) I.3, bls. 266n.

Fædd Ragnheiður Brynjólfssdóttir í Skálholti sjálfa Maríumessu síðari in Septembri die 8., sem var miðvikudag, nær fyrstu klukkustund eftir miðdag, eða þriðjungi eyktar eftir hádegi. Var sá dagur fæðingardagur sællar meyjar Mariae. Guð gefi lukku og blessan. Er Ragnheiður heitin eftir biskupsins móður s(álugu) Ragnheiði Pálsdóttur, en hún var heitin eftir sinni föðurmóður Ragnheiði Pétursdóttur, sem átti Jón Magnússon á Svalbarði ...

Hinn stolti faðir leynir ekki hamingju sinni og vongleði fyrir hönd barnsins.¹⁵¹ Hann gefur dótturinni nafn móður sinnar og undirstrikar ættgöfgina (Svalbarðsætt).

Í frægri grein í *Skírni* 1929 vitnar Guðmundur Kamban í klausu í *Biskupasögum* Jóns Halldórssonar sem lýsir efnisstúlkunni Ragnheiði og því uppeldi sem hún hlaut. Hún „var snemma skörp, skynsöm, mannvænleg og þar fyrir mikið eftirlætisbarn föður síns. Þótti honum vænt um hana og lét kenna henni kvenlegar handyrðir og þær boklegu menntir sem kurteisri kvenpersónu vel sómdu.“¹⁵²

Ragnheiður óx úr grasi við hlið ári yngri bróður, Halldórs, en fimm börn misstu biskupshjónin í Skálholti. Sorgin sem fylgifiskur barnadauða hafði því oft bankað upp á á biskupssetrinu eins og algengt var á öðrum heimilum landsins á 17. öld. En þegar sendimaður kom með Passíusálmana frá Hallgrími Péturssyni og færði Ragnheiði að gjöf í maímánuði 1661 var fjölskylduharmleikur í uppsiglingu.

Eiðurinn

Frá því snemma um vorið hafði orðrómur verið á kreiki í Skálholti um óleyfilegan samdrátt hinnar 19 ára biskupsdóttur og einkakennara hennar, Daða Halldórssonar frá Hruna, sem var fimm árum eldri. Daði var í miklum metum hjá biskupi, hafði farið með honum í vísitasíferðir og til jarðakaupa, fallegur, lífsglaður, skáldmæltur og góður kennari en hann var

¹⁵¹ Steinunn Jóhannesdóttir. Drög Brynjólfss SS að sjálfssævisögu, bls. 28-43 (38). Í *Brynjólfur biskup*. Kirkjuleiðtogi, fraðimaður og skáld. Safn ritgerða í tilefni af 400 ára afmæli Brynjólfss Sveinssonar 14. september 2005. Reykjavík 2006.

¹⁵² Guðmundur Kamban. Daði Halldórsson og Ragnheiður Brynjólfssdóttir, bls. 36-83 (40). *Skírnir*. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags 103. ár. Reykjavík 1929.

ekki af nægilega voldugum ættum til þess að koma til greina sem ektamaður biskupsdóttur. Auk þess hafði Daði reynst brotlegur eftir Stóradómi þegar hann eignaðist tvíbura sumarið áður með vinnukonu á stólnum.

Þá gerist það að dómkirkjupresturinn séra Sigurður Torfason og skólameistarinn Oddur Eyjólfsson taka sér fyrir hendur að vekja athygli biskups á slúðrinu. Og ekki nóg með það, þeir leggja til að Ragnheiður verði látin hreinsa sig af áburðinum með því að sverja opinberan eið að skírlífi sínu. Eftir umtalsverða eftirgreppslan fellst biskup á tillöguna.

Laugardaginn 11. maí fór svo eiðtakan fram í Skálholti í viðurvist presta úr prófastsdæminu sem votta, auk þess sem flest heimafólk var viðstatt atburðinn. Eiðstafur Ragnheiðar er varðveittur í Bréfabók biskups og var sem hér segir:¹⁵³

Til þess legg ég, Ragnheiður Brynjólfssdóttir, hönd á helga bók, og það sver ég við Guð almáttugan, að ég er enn nú á þessari stundu svo óspillt mey af öllum karlmannsvöldum og holdlegum saurlífisverkum sem þá er ég fæddist fyrst í þennan heim af minnar móður lífi, svo sannarlega hjálpi mér guð með sinni miskunn sem ég þetta satt sver, en refsi mér, ef ég lýg.

Skálholt

Í hinu mikla skáldverki Skálholti lætur Guðmundur Kamban Ragnheiði storka föður sínum, samkundu klerkdómsins, niðurlægjandi eiðtökunni og Stóradómi með því að fara til Daða nöttina eftir eiðinn og leggjast í rekkju hans. Elskendurnir gefa sig ástarbrímanum á vald og þessa nött verður Ragnheiður barnshafndi. Nákvæmlega 40 vikum síðar, 15. febrúar 1662, fæðir hún son.¹⁵⁴

Við vitum ekki hvaða dag maímánaðar handrit Passíusálmannna barst í Skálholt en Guðmundur Kamban lætur atburðinn verða daginn eftir eiðtökuna og nött Ragnheiðar með Daða. Sviðsetningin er áhrifarík. Það er sendimaður lögmánsins á Leirá, herra Árna Oddssonar (föður Helgu), ungur sveitapiltur, sem færir henni dýrgripinn:¹⁵⁵

¹⁵³ Guðmundur Kamban 1929, bls. 49.

¹⁵⁴ Sama heimild, bls. 60.

¹⁵⁵ Guðmundur Kamban. *Skáldverk. Skálholt I*, bls. 388-389.

Ungmennið situr í sæti sínu – honum hefur verið eftirlátinn einum allur skrifarabekkurinn – með flata skinntösku á bakinu, sem er njörvuð í fjórum hornum yfir axlir hans og brjóst. Hann situr hreyfingarlaus og horfir upp í loftið ... Biskupinn tekur lítinn þunnað böggul og bréf af borðinu og réttir það Ragnheiði. –Það er sending til þín frá síra Hallgrími Péturssyni, segir hann. ... Ragnheiður gengur inn til sín og les bréf skáldsins. Hann biður hana að misvirða ekki við sig, þó að hann sendi henni að gjöf eitt lítið sálmakver til þakklætis fyrir óforþéntan kærleika honum auðsýndan. Meira segir hann ekki um sitt verk. Afgangur bréfsins er góðar óskir henni til handa, að síðustu: að hún í því háa standi, hvarí Guð hefur hana innsett, megi skína sem leiðarljós fyrir aðrar ungar meyjar í voru landi.

Ragnheiður situr litla stund með þetta bréf, skrifað fyrir mörgum dögum, í hendinni, og horfir fram undan sér. Það kemur eins og fyrsta áhlaup á sálarfrið hennar eftir þessa nótt. En sú tilfinning drottnar ekki lengi, bréfið er frá síra Hallgrími Péturssyni, manni sem á örlagastund lífs síns braut allar brýr að baki sér fyrir ástina, einmitt þegar hann var á aldur við Daða. Leiðarljós! Hann gat orðið það, síra Hallgrímur, leiðarljós allra ungra manna í málefnum hjartans.

Hvað vissi Hallgrímur?

Það telst fremur ósennilegt að Hallgrímur hafi vitað inn í hvers konar aðstæður og átök hann var að senda verk sitt. Hafi hann skrifað tileinkunina til Ragnheiðar snemma í maí, fyrir eiðtökuna eins og Kamban gerir ráð fyrir, er líklegast að hann hafi enga hugmynd haft um þann stóra atburð sem var í undirbúningi. Þó kann orðrómur að hafa verið á kreiki og borist víða síðustu dagana fyrir Eiðinn. Sé gert ráð fyrir því að Hallgrímur hafi verið óvitandi um átökin milli föður og dóttur þegar hann lætur í ljósi þá ósk að hún „megi skína sem leiðarljós fyrir aðrar ungar meyjar“ í landinu, þá er hann að tjá sig við unga konu sem honum finnst bera af öðrum, bæði vegna stöðu hennar og hæfileika. Og hann trúir þeirri ungu konu fyrir verki sínu með sama markmið fyrir augum og þegar hann sendi Ragnhildi, Helgu og Kristínu Passíusálmana. Að lesa þá og íhuga innihald þeirra og mæla með þeim við aðra. Kamban gerir ráð fyrir því í skáldsögu sinni að Ragnheiður

hafi vitað að mikið orð færi þá þegar af verkinu, enda búið að vera í umferð í heilt ár. Í inngangsorðum Hallgríms, sem að þessu sinni eru mjög stutt, má einmitt sjá að skáldið hefur áhyggjur af því að eitthvað hafi brenglast í afskriftum sálmannna. „En þess er ég af guðhræddum mönnum óskandi, að eigi úr lagi færi né mínum orðum breyti, hver þeir sjá orði Drottins og kristilegri meiningu eigi á móti. Þeir, sem betur kunna, munu betur gjöra.“

Hallgrími er annt um skáldheiður sinn og vill ekki að hróflað sé við verk-inu án hans samþykkis.

Fyrir framan titilblaðið er tileinkun til Ragnheiðar sem minnir mjög á orðin til Ragnhildar Árnadóttur:

Ærusamri, guðhræddri og velsiðugri Jómfrú Ragnheiði Brynjólfs dóttir að Skálholti, sendir þetta psalma kver til eins kynningarmerkis í Christi kærleika Hallgrímur Pétursson pr. Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Anno 1661 in Majo.

Virkni Passíusálmannna

Hér er efast um að sendingin í Skálholt hafi haft svo ögrandi tilgang af Hallgríms hálfu að verða beinlínis vopn í baráttu Ragnheiðar við föður sinn, Stóradóm og ráðandi siðgæði. En þannig komu Passíusálmarnir inn í líf hennar. Fylgisálmar þeirra, Um dauðans óvissan tíma eða „Allt eins og blómstrið eina“ og „Allt heimsins glysið, fordild fríð“, verka nánast sem spádómur um þau grimmu örlög sem biðu stúlkunnar handan við hornið. Á tæpum tveim árum var allt af henni tekið, maðurinn sem hún elskoði, sonurinn sem hún fæddi, heilsan og að lokum lífið. Ragnheiður lést í Skálholti 23. mars 1663 á tuttugasta og öðru aldursári.¹⁵⁶ Á banabeðinum hélt Hallgrímur Pétursson í hönd hennar. Faðir hennar falaðist eftir heimsókn hans í Skálholt og þangað var hann kominn 11. mars.

Það er óvist að Ragnheiður hafi sökkt sér niður í sálmana jafnskjótt og hún fékk þá. Tæplega tvítug stúlkan var á valdi ástarinnar og framundan var sælasta sumar lífs hennar. Hún gat verið samvistum við ástmann sinn fram á haust. En þegar fór að sjást á henni að hún væri með barni varð að forða henni undan augnaráði föður síns. Það gerði frænka þeirra og heimilisvinur,

¹⁵⁶ Brynjólfur Sveinsson. Lífsaga Þórðar Daðasonar. *Blanda II*, bls. 4-5.

Helga Magnúsdóttir (Björnssonar lögmanns), ekkja í Bræðratungu. Hún sýndi jafnt hugrekki, vit og kænsku í því að vernda hina verðandi móður fram yfir fæðingu barnsins og two fyrstu mánuðina í lífi litla drengsins. Þá lét afi hans, biskupinn í Skálholti, taka barnið af móðurinni og flytja það til föðurforeldranna í Hruna. Jafnframt lét hann kalla dóttur sína í Skálholt þar sem hún skyldi taka opinbera aflausn fyrir skírlífisbrot sitt sem fram fór 20. apríl 1662.¹⁵⁷

Með þessum atburðum hefst píslarganga Ragnheiðar fyrir alvöru og við blasir að hún þarf á styrk og stuðningi að halda sem henni stendur ekki til boða í Skálholti. Og þó. Hún á handskrifað sálmahandrit og uppörvandi bréf og tileinkun frá höfundri þess, Hallgrími Péturssyni. Nú er rétti tíminn til þess að kanna innhald pakkans og sökkva sér niður í Historiu pínunnar og dauðans Drottins vors Jesú Kristí. Og hún finnur í sálmunum djúpa samlíðun og skilning á þjáningu mannsins, smæð hans og einsemd, angist og vanmætti frammi fyrir almættinu og örlögum sínum. Hún les um mannlega bresti, kjarkleysi, svik, hræsni, valdhroka, ranga dóma, iðrun og örvaentingu en einnig um óumræðilegan styrk og stærð, æðruleysi frammi fyrir dauðanum. Og fyrirgefningu. Fyrirgefningu! Getur hún fyrirgefið allar þær misgjörðir sem hún hefur mátt þola?

Nei.

Hún verður veik. Allir í Skálholti veikjast í sótt en flestum batnar aftur. Ekki þó henni. Þegar dauðinn nálgast vill hún engan nálægt sér nema einn mann. Aðeins einn fær og getur huggað hana og hughreyst. Skáldið sem sendi henni sálmana sína.

Sálusorgarinn

Ragnheiður var aðeins skamma stund í þeirri stöðu að geta mælt með Passíusálmunum eins og vonir höfundarins stóðu til. En með vali sínu á sálusorgara þegar líf hennar hrundi varð hún fyrst til þess að sýna fram á lækningamátt sálmannna, að þeir innihéldu „hinar allra sætustu og heilnæm-ustu huggunarjurtir sem langtum betur græða meinsemadir allar á sálunni en nokkur læknisgrös kunna að græða líkamans kvilla.“

Hallgrímur hélt í hönd hinnar ungu, hrelldu konu í óláni hennar og

¹⁵⁷ Guðmundur Kamban 1929, bls. 55.

dauðastríði, jafnt í óeignlegri sem eiginlegri merkingu. Og eftir því sem fleiri kynntust verki hans fjöldaði þeim sem skynjuðu kraft þess og lækningamátt. Með tímanum varð Hallgrímur fremsti sálusorgari þjóðarinnar. Þá stöðu hafði hann í meira en þrjár aldir.

Handritin

Passíusálmarnir komu fyrst út á prenti 1666. Konurnar fjórar sem fengu fyrstu handritin risu allar undir því hlutverki sem þeim var úthlutað, hver á sinn hátt. Handritin voru notuð til grundvallar afritum og prentuðum útgáfum á Hólum og í Skálholti og fóru til ábyrgra erfingja. Í það minnsta þrjú voru enn í umferð rúmri öld eftir að Hallgrímur sendi þau af stað og kallaði “lítilmólegar pappírsgáfur”. Þegar sálmarnir voru prentaðir í 20. sinn árið 1780 var handrit Ragnhildar Árnadóttur notað til grundvallar.¹⁵⁸ Uppfrá því fara þau að hverfa nema handrit Ragnheiðar Brynjólfssdóttur sem hefur varðveist til okkar daga. Flestar útgáfur síðari tíma byggja á því, en útgáfur sálmannna eru að nálgast hundraðið. Ekkert ritverk eftir íslenskan höfund hefur verið gefið út jafn oft og Passíusálmar Hallgríms Péturssonar. Peir munu halda gildi sínu meðan íslensk tunga er töluð, íslenskar sálir finna til og þurfa huggunar að leita.

¹⁵⁸ Magnús Jónsson. *Hallgrímur Pétursson II*, bls. 195.

Heimildir

Annales Islandici. Annálar 1400-1800. I-II. Hið íslenska bókmenntafélag.

Reykjavík 1924-1930.

Brynjólfur Sveinsson. Lífsaga Þórðar Daðasonar. *Blanda II.* Fróðleikur gamall og nýr. Sögufélag gaf út. Sögurit 17. Reykjavík 1921-1923.

Brynjólfur biskup – kirkjuhöfðingi, fræðimaður og skáld. Safn ritgerða í tilefni af 400 ára afmæli Brynjólfs Sveinssonar 14. september 2005. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2006.

Grímur Thomsen. *Hallgrímur Pétursson I.* 1887.

Guðmundur Kamban. *Daði Halldórsson og Ragnheiður Brynjólfssdóttir*, bls. 36-83.

Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags, 103. ár. Reykjavík 1929.

Guðmundur Kamban. Skáldverk I. *Skálholt I. Jómfrú Ragnheiður.* Almenna bókafélagið. Reykjavík MCMLXIX (1969).

Gunnlaugur Haraldsson. *Saga Akraness I. Frá landnámstíð til 1700.* Uppheimar. Akranesi 2011.

Hallgrímur Pétursson. *Ljóðmáli 1.* Margrét Eggerts dóttir bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Reykjavík 2000.

Hallgrímur Pétursson. *Ljóðmáli 2.* Margrét Eggerts dóttir, Kristján Eiríksson og Svanhildur Óskarsdóttir bjuggu til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Reykjavík 2002.

Hallgrímur Pétursson. *Passíusálmur* (79. prentun). Hallgrímskirkja 1991.

Jón Jónsson. *Formáli að Psalterium Passionale.* Hólum í Hjaltadal 1780.

Magnús Jónsson. *Hallgrímur Pétursson. Æfi hans og starf.* I-II. Leiftur hf. Reykjavík 1947.

Magrét Eggerts dóttir. *Barokkmestarinn. List og lerdómur í verkum Hallgríms Péturssonar.* Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík 2005.

Sakeyrisreikningar. Lénsreikningar Gullbringusýslu 1637-1638.

Steinunn Jóhannesdóttir. *Drög Brynjólfss SS að sjálfsvævisögu.* Sonur, bróðir, maki, mágur, tengdasonur, faðir og afi, bls. 28-43. Í *Brynjólfur biskup.* Kirkjuhöfðingi, fræðimaður og skáld. Safn ritgerða í tilefni af 400 ára afmæli Brynjólfs Sveinssonar 14. september 2005. Háskólaútgáfan. Reykjavík 2006.

Sveinn Níelsson. *Presta tal og prófasta á Íslandi.* Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn 1869.

Póra Kristjánsdóttir. *Myndin af Hallgrími,* bls. 101-12. Í *ljóssins barna selskap.*

Ritstjórar: Margrét Eggerts dóttir og Pórunn Sigurðardóttir. Listvinafélag Hallgrímskirkju. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Reykjavík 2007.

Ættartölusafnrit séra Þórðar Jónssonar í Hítardal I og II. Guðrún Ása Grímsdóttir annaðist útgáfu. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Reykjavík 2008.